



Skaftárhreppur

## Erindisbréf stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla

### 1. gr.

#### Stjórnskipuleg staða

Stjórnin heyrir beint undir sveitarstjórn Skaftárhrepps. Forstöðumaður Klausturhóla starfar með stjórninni og ber hann ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi stjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

### 2. gr.

#### Skipan stjórnarinnar

Í stjórn Klausturhóla eiga sæti þrjú fulltrúar sem skipaðir eru til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps. Jafnframt eru kjörnir þrjú fulltrúar til vara.

Sveitarstjórn kýs formann stjórnarinnar en það sjálf velur varaformann, og ritara stjórnarinnar á fyrsta fundi sínum.

### 3.gr.

#### Boðun funda

Formaður sér um boðun funda í samráði við forstöðumann. **Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá.** Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum V. kafla samþykktar um stjórn Skaftárhrepps.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

#### 4. gr.

##### Fundir og ritun fundargerða

Um starfshætti nefnda og stjórna er sérstaklega getið í V. kafla samþykktar um stjórn Skaftárhrepps og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Stjórn Klausturhóla kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal stjórnin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Stjórnin skal halda gerðabók. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu stjórnarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Heimilt er að skrifa fundargerðir í tölvu, skv. lið 4. 33. gr. samþykktar um stjórn Skaftárhrepps. Sé það gert skal skrá í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða.

Fundargerðum kemur ritari stjórnarinnar tafarlaust til sveitarstjóra sem leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Sveitarstjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð stjórnarinnar ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar.

#### 5. gr.

##### Hlutverk stjórnarinnar

Stjórn Klausturhóla er sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum er varða Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og félagsstarf aldraðra í Skaftárhreppi.

Stjórnin gerir tillögur til sveitarstjórnar um markmið í þeim málum sem undir hana heyra og gerir tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi. Stjórnin hefur eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokki nái fram að ganga.

Stjórn Klausturhóla gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Stjórnin skal hafa faglega umsjón með rekstri dvalarheimilisins og hafa eftirlit með því að það starfi innan ramma laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

#### 6. gr.

##### Eftirfylgni

Formaður stjórnar og aðrir stjórnarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfestra samþykktar stjórnarinnar.

## 7. gr.

### Réttindi og skyldur stjórnarmanna

Um réttindi og skyldur stjórnarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Skaftárhrepps.

Stjórnarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal stjórnarmaður boða staðgengil sinn og láta formann stjórnarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver stjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Stjórnarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Skaftárhrepps í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum stjórnarinnar.

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir stjórnina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, laga eða samþykktar 2/3 stjórnarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskyldan helst áfram eftir að stjórnarmaður lætur af störfum.

Stjórnarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## 8. gr.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal stjórnin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, þó sérstaklega lög sem um heilbrigðisstofnanir og málefni aldra gilda hverju sinni. Þá skal stjórnin fylgja samþykkt um stjórn Skaftárhrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps, 29. ágúst 2024.

  
